

12. gr.

Tilkynningar um aukaverkanir.

Ef fram koma tíðar eða alvarlegar aukaverkanir, er ábyrgðarmanni rannsóknar skylt að tilkynna það ráðuneytinu án tafar, sbr. 6. gr.

13. gr.

Framkvæmd rannsókna.

Ef gera þarf verulegar breytingar á framkvæmd rannsókna eftir að leyfi hefur verið veitt, er skylt að fá til þess leyfi ráðuneytisins.

Ef hætt er við að framkvæma rannsókn eða hún stöðvuð, ber að tilkynna það ráðuneytinu og gera grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar.

Að rannsókn lokinni ber að senda ráðuneytinu skýrslu um allar niðurstöður, sem skipta máli. Ef klínísk rannsókn er framkvæmd í samvinnu við lyfjaframleiðanda, er hann eða umboðsaðili hans einnig ábyrgur fyrir þessari skýrslu.

14. gr.

Tryggingar.

Þátttakendur í klínískri rannsókn skulu vera tryggðir á fullnægjandi hátt fyrir hugsanlegu heilsutjóni vegna rannsóknarinnar. Venjulega sér framleiðandi lyfsins um slíka tryggingu, en að öðrum kosti verður ábyrgðarmaður rannsóknarinnar að útvega slíka tryggingu eða ábyrgðaryfirlýsingu frá viðkomandi sjúkrastofnun.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 28. gr. lyfjalaga nr. 104/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld B í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Sveitarstjórn Andakílshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingakostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.5%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2.0%
Fjölbýlishús	1.5%
Opinberar byggingar	2.5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1.5%
Önnur hús	1.0%

Af kjöllumurum og rishæðum sem ekki eru notaðir til íbúðar svo og bílskúrum skal greiða hálf gjald.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. grein miðast við byggingakostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu, eða viðbótarhúsnæði byggt á lóðinni og skal þá miðað við byggingakostnað vísitöluhússins þegar teikning er samþykkt í bygginga-nefnd, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðin frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð. Í þeim tilvikum setur sveitarstjórn reglur um gjalddaga.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. grein greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagning bundins slitlags í götu er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum sbr. 2. mgr. 6. gr. l. nr. 51/1974. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Vextir og verðtrygging skulu vera í samræmi við þau lánskjör sem Bygðastofnun veitir til varanlegrar gatnagerðar.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjald af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóm eða örorku að stríða.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka eða hækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign sbr. 7. gr. laga nr. 51/1974.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Andakílshrepps, Borgarfjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.